

# REITIR

## *Viðauki við grunnlýsingu dagsetta 6. júní 2016 vegna 70.000.000.000 kr. útgáfuramma skuldabréfa*

Viðauki þessi er birtur á grundvelli 46. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Grunnlýsing dagsett 6. júní 2016 útgefin af Reitum fasteignafélagi hf. (hér eftir nefnd grunnlýsingin og Reitir eða félagið), skal höfð til hliðsjónar við lestur viðauka þessa og gilda skilgreiningar í grunnlýsingunni jafnframt um viðauka þennan. Við birtingu viðaukans myndar hann órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar.

### *Árshlutareikningur 2016*

Í grunnlýsingunni var fjallað um fjárhagsupplýsingar úr árs- og árshlutareikningum samstæðu Reita frá ársbyrjun 2014 til 31. mars 2016. Árshlutareikningur samstæðu Reita fyrir tímabilið 1. janúar – 30. júní 2016, var birtur 18. ágúst 2016 með fréttatilkynningu sem varðaði helstu niðurstöður hans.

Fréttatilkynningin um birtingu árshlutareikningsins og helstu niðurstöður hans og kannaður árshlutareikningur samstæðu Reita fasteignafélags hf. fyrir 1. janúar – 30. júní 2016 eru felld inn með tilvísun í grunnlýsinguna.

Framangreind fréttatilkynning og ársreikningur voru birt opinberlega á slóðinni:

<https://newsclient.omxgroup.com/cdsPublic/viewDisclosure.action?disclosureId=723604&lang=is>

### *Önnur atriði*

Ofangreind gögn sem áður hafa verið birt opinberlega og eru með viðauka þessum felld inn með tilvísun í grunnlýsingu dagsetta 6. júní 2016 útgefna af Reitum fasteignafélagi hf. skoðast sem órjúfanlegur hluti af grunnlýsingunni og eru tiltekin sem skjöl til sýnis. Meðan grunnlýsingin er í gildi er heimilt að skoða þessi skjöl, en slíkt aðgengi er veitt með birtingu skjalanna á vef félagsins, [reitir.is/fjarfestar](http://reitir.is/fjarfestar).

### *Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda*

Formaður stjórnar og forstjóri Reita fasteignafélags hf., kennitala 711208-0700, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík, lýsa því yfir fyrir hönd Reita fasteignafélags hf. sem útgefanda að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Reykjavík, 30. ágúst 2016

Fyrir hönd Reita fasteignafélags hf.

*Þórarinn V. Þórarinsson*

*Guðjón Auðunsson*

formaður stjórnar

forstjóri

*Umsjónaraðili með gerð viðauka við grunnlýsingu*

 Arion banki